

Fundargerð 445. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 16. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn Gunnar Tryggvason frá Faxaflóahöfnum en hann situr stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 444. fundar - 2110003HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 444. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 14. júní 2022.

Fundargerðin staðfest.

2. Úttekt á gjaldskrármálum hafna og þróun þeirra - 2201002HA

Gísli Gíslason kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir úttekt á stöðu gjaldskrármála sem hann hefur unnið fyrir hafnasambandið.

Stjórn þakkar Gísli fyrir úttektina sem jafnframt verður kynnt á hafnasambandsþingi 27.-28. október í Ólafsvík.

3. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61-2003 - óskað umsagnar - 2203030SA

Formaður gerir grein fyrir fundi sem hann átti með ráðuneytinu um fyrirhugaðar frumvarp til breytinga á hafnalögum. Seinasta vor var ákveðið að fresta slíku frumvarpi og leggja fram tvö frumvörp núna í haust. Fyrri frumvarpið snýr að innleiðingu á ESB-gerðinni um hafnarþjónustu og gagnsæi í fjármálum hafna. Í því frumvarpi verður ákvæði um gjalddöku með vísan til umhverfissjónarmiða. Seinna frumvarpið snýr að hugmyndum um afmörkun hafnarsvæða.

4. Dagskrá hafnasambandsþings og drög að ályktunum - 2110002HA

Lögð fram dagskrá hafnasambandsþings 2022 ásamt drögum að ályktunum og fjárhagsáætlun.

Ákveðið að vinna drög að ályktunum á fjárhagsáætlun betur næstu daga áður en fundargögn verða senda á þingfulltrúa.

Gunnar Tryggvason vék af fundi kl. 12:40.

5. Siglingaráð - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 33. fundar Siglingaráðs frá 3. júní 2022.

6. Rafstaðlaráð - Kynning á stöðluðum landtengingum skipa - 2209003HA

Lögð fram til kynningar dagskrá vinnustofu um staðla fyrir landtengingar skipa sem haldin verður þann 27. september 2022.

Fundi var slitið kl. 12:50

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Gunnar Tryggvason